

Aðalfundur Foreldrafélags Sjálandsskóla 15. nóvember 2016

Viðstaddar:

Eva Hrönn Jónsdóttir - fundarstjóri

Eva Rós Stefánsdóttir - ritari

Fundurinn var haldinn í sal Sjálandsskóla kl: 20

Farið yfir skýrslu seinasta árs

- Í októberber var haldinn kynningarfundur með bekkjarfulltrúum
- Í desember stóð félagið fyrir morgunkaffi með skemmtiatriði
- Í mars var haldið páskabingó sem er eina fjáröflunin sem félagið stendur fyrir
- Í apríl var kynningarfundur ásamt Grunnstöðum
- Í júní var Innilegan en foreldrafélagið sér um skipulag, mönnun og veitingar eftir að nemendur koma úr gönguferð.
- Farið yfir aðrar skyldur og störf félagsins á árinu
- Farið lauslega yfir tilgang og starfsvettvang Grunnstöða og Skólaráðs, foreldrar hvattir til að setja sig inn í starfsemina.

Farið yfir ársreikning

- Staða félagsins er jákvæð eftir seinasta ár
- Félagið sér fram á að geta fjármagnað þá viðburði sem það stefnir á að bjóða uppá í ár með félagsgjöldum og fjáröflunarbingói
- Fjallað um styrktarreikning sem félagið hefur umsjón með, tilgangur hans útskýrður sem og úthlutunarreglur.

Lagabreytingatillögur

- Engar tillögur komu fram að þessu sinni

Framboð í stjórn félagsins

- Eva Hrönn Jónsdóttir formaður seinasta árs býður sig fram til formanns, engin mótframboð berast og Eva Hrönn er kjörin formaður.

- Eva Rós meðstjórnandi frá því í fyrra býður sig fram til að gegna stöðu gjaldkera, engin mótframboð berast og Eva Rós er kjörinn gjaldkeri.
- Jóhannes Kjartansson býður sig fram í stjórn félagsins og er kjörinn.
- Þórunn Sveinbjarnardóttir býður sig fram í stjórn félagsins og er kjörin.
- Hera Hannesdóttir meðstjórnandi frá því í fyrra býður sig fram en er ekki viðstödd fundin, engin mótframboð berast og Hera er kjörinn meðstjórnandi í ár.

Skoðunarmenn kosnir

- Skoðunarmenn fara yfir ársreikning fyrir aðalfund
- Ragnhildur Aðalsteinsdóttir og Vigís Ólafsdóttir bjóða sig fram og eru báðar kjörnar.

Félagsgjöld

- Farið yfir öflun félagsgjalda í félagið
- Send er valfrjáls greiðsla í heimabanka til foreldra nemenda, þó aðeins ein greiðsla á hvert heimili óháð því hve mörg börn þaðan sækja skólann.
- Upphæð félagsgjalda rædd og ákveðið að halda þeim óbreyttum enda þurfi félagi ekki að hækka þau meðan það stendur undir kostnaði.

Framboð í setu Skólaráðs

- Ragnhildur Aðalsteinsdóttir býður sig ein fram og er kjörinn sem fulltrúi foreldra í Skólaráði.

Framboð í setu Foreldraráðs

- Þórhildur Ólafsdóttir býður sig fram og er kjörin.
- Framboð hafði borist frá Hlédísi Þorbjörnsdóttur sem er einnig kjörin.
- Eva Rós Stefánsdóttir býður sig fram og er kjörin.

Þá voru tekin fyrir önnur mál

- Foreldara benda á að öryggismálum sé ábótavant við skólann, einkum á bílastæði vestamegin hans. Einnig að starfsfólk leggi inni á skólalóð en slíkt skapi óþarfa hættu.
- Bekkjarfulltrúar benda á að það vanti gátlista til að auðvelda þeim störf sín, Foreldraráð mun taka að sér að útbúa slíkan lista.
- Foreldrar koma á framfæri óánægju með Námfús og skráningu umsagna þar inn, þær berist bæði seinnt og illa.

Undirskriftum safnað

- Þeir foreldrar sem mættu á fundinn skrifuðu sig á undirskriftarlista til að staðfesta veru sína á fundinum og kjör einstaklinga í stjórn.

Fundi slitið